



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2014

### **Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 484. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 3. apríl sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Frumvarpið er hluti af aðgerðaáætlun sem kynnt hefur verið af ríkisstjórn um höfuðstólslækkun húsnæðislána. Samkvæmt því er lagt til að sjóðfélagar sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað geti tímabundið notið skattleysis með því að nýta séreignarsparnað og ráðstafa honum til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. LL eru almennt á móti inngrípum í viðbótarlífeyrissparnað þar sem hann er ætlaður til að bæta eftirlaun á efri árum. Tilgangurinn með sparnaðinum er að byggja upp sjóð til að greiða bæði fyrir einka- og samneyslu. Þótt frumvarpið sé í raun í andstöðu við þessi markmið lýsa LL sig ekki mótfallin frumvarpinu enda er úrræðið tímabundið og sparnaðurinn ætlaður til niðurgreiðslu lána. Það að greiða niður skuldir er hluti af sparnaði einstaklinga sem getur eftir atvikum nýst á efri árum. Þó má þess vænta að einhverjir muni ekki eiga þennan sparnað þegar kemur að ellilífeyrisaldri og því eru aðgerðir sem þessar ekki gallalaugar.

Lífeyrissjóðirnir munu styðja við aðgerðina og mæla með henni við sína sjóðfélaga enda er skattaafslátturinn eitthvað sem einstaklingar geta vart horft framhjá. Fjárhæðirnar eru hóflegar og aðgerðin tímabundin og því munu lífeyrissjóðirnir leggja sig fram við að láta aðgerðina ganga eins vel fyrir sig og unnt er. Aðgerðin kann jafnframt að hafa í för með sér þau jákvæðu áhrif að einhverjir sem hafa ekki fram til þessa lagt fyrir í viðbótarlífeyrissparnað fari að taka þátt og nýti sér þetta hagkvæma sparnaðarform.

Frumvarpið ber það glögggt með sér að vera unnið af fagmennsku. Við yfirllestur þess vakna þó spurningar um hvort framkvæmdina sé unnt að einfalda og að kannski séu ákveðnir þættir sem kalla á eftirlit sem vart getur réttlætt þann kosnað sem því verður samfara.

### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

Í 1. málsli. 2. mgr. 1. gr. segir:

*Heimild skv. 1. mgr. takmarkast við allt að 4% framlag réttihafa og 2% framlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni, þó að hámarki samtals 500 þús. kr. á ári á fasteign hvort sem um er að ræða einstakling, hjón eða einstaklinga sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3.*

*mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, eða samtals 1,5 millj. kr. á fasteign á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.*

Við breytingar á hjúskapar- eða sambúðarformi er fyrirsjáanlegt að upp geta komið flækjur þar sem fjárhæðin miðast við aðila sem uppfylla skilyrði samsköttunar. LL leggja því ríka áherslu á að í reglugerð verði kveðið skýrt á um hvaða reglur gilda um hámarksfjárhæðir og hlutföll af launum sem greiða má inn á lán í þeim tilvikum sem breytingar verða á stöðu fólks. Einnig er brýnt að ábyrgðin á því að vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fái réttar upplýsingar hvíli á réttahafanum.

Í 3. máls. 2. mgr. 1. gr. segir:

*Greiðsla inn á lán getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur inneign rétthafa vegna greiddra iðgjalda á hverjum tíma.*

Ákvæði þetta þykir ekki nægilega skýrt þar sem sú staða getur komið upp við greiðslu vörsluaðila inn á lán að markaðsvirði greiddra iðgjalda sé orðið lægra en greidd iðgjöld. Það gerist ef ávöxtun iðgjalda verður neikvæð. Ofangreint ákvæði hefur í för með sér að ákveðnir aðilar geta ekki nýtt skattleysi sitt að fullu. Þau heimili sem hafa hærri tekjur en 694.444 kr. í mánaðarlaun geta aftur á móti nýtt þau iðgjöld sem þau greiða af hærri tekjum til að greiða inn á lán og með því vegið upp á móti mögulegri neikvæðri ávöxtun. Ákvæðið kann því að valda því að tekjulægri heimili geti ekki nýtt skattleysið að fullu í tilvikum sem þessum. Af þessum sökum velta LL því upp hvort í þeim tilvikum sem ávöxtun er neikvæð sé hægt að nýta inneign rétthafa sem hann á fyrir 1. júlí 2014 til greiðslu inn á lán og miða greiðslu við að hún sé jafnhá og greidd iðgjöld, þó að hámarki 500.000 kr. á ári. Slík breyting myndi einfalda mjög vinnslu og eftirlit á greiðslu iðgjalda rétthafa til lánastofnana. Til samræmis við tillögu starfshóps fjármálaráðuneytisins sem vann að undirbúningi málsins væri hægt að orða ákvæðið á eftirfarandi hátt::

*Greiðsla vörsluaðila inn á lán takmarkast af inneign rétthafa á þeim tíma sem vörsluaðili innir greiðslu af hendi.*

3. máls. 8. mgr. 1. gr. orðast svo:

*Vörsluaðilar skulu ráðstafa greiðslum til lánveitenda áður en greiðsluseðlar vegna lánanna eru gefnir út.*

Markmið þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að greiðslur frá vörsluaðilum fari inn á hefðbundna afborgun láns og leiði þar með ekki til lækkunar höfuðstóls þeirra. Hér ber að líta til þess að mjög mismunandi er eftir lánnum hvenær greiðsluseðlar lána eru gefnir út. Ákvæðið felur það í sér að ábyrgðin á því að greitt sé inn á höfuðstól láns en ekki afborgun er lögð á vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar. LL vilja vekja athygli á því að vörsluaðilar viðbótarlífeyrissparnaðar eru vart í aðstöðu til að hafa með hendi slíkt eftirlit. Framkvæmdin og nauðsynleg tæknileg úrlausn yrði mjög flókin og kostnaðarsöm þar sem útgáfudagar greiðsluseðla eru mjög mismunandi eftir lánastofnunum. Hver lánastofnun er í mörgum tilvikum með mismunandi útgáfudaga á tegundir lána og þess má vænta að hver vörsluaðili lífeyrissparnaðar þurfi að greiða inn á lán hjá öllum lánastofnunum. Telja verður eðlilegra að eftirlit og ábyrgð á því að greitt verði inn á höfuðstól lána verði á ábyrgð lánveitanda.

## Húsnæðissparnaður

2. máls. 1. mgr. 1. gr. kemur fram:


*Skilyrði er að réttthafi sé ekki eigandi að íbúðarhúsnæði á því tímabili sem um getur í 1. máls. eða frá 1. júlí 2014 þar til heimildin er nýtt.*

Spurningar hafa vaknað um hvort skilyrði þetta teljist ekki óþarft og geti í ákveðnum tilvikum talist „ósanngjarn“. Sem dæmi má taka réttthafa sem selur eign sína og greiðir upp lán t.d. 1. júlí 2015. Hann hefur ekki heimild til að nýta tímabilið frá 1. júlí 2015 til 1. júlí 2017 til húsnæðissparnaðar. Þessi tvö sparnaðarform sem lögð eru til í frumvarpinu spila ekki saman nema í aðra áttina sem telja verður óeðlilegt. Réttthafi sem nýtir húsnæðissparnaðinn fyrst, t.d. frá 1. júlí 2014 til 1. júlí 2015, kaupir fasteign og fær til þess veðlán getur nýtt viðbótarlífeyrissparnað til greiðslu lána tímabilið frá 1. júlí 2015 til 1. júlí 2017. Úrræðin tvö spili því ekki saman í báðar áttir. Eðlilegt mætti telja að réttthafi sem nýtir sér úrræði um greiðslu viðbótariðgjalda inn á lán hluta þriggja ára tímabils geti nýtt húsnæðissparnaðarúrræðið síðar á tímabilinu.

Að lokum vilja LL þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar en ljóst er að framkvæmdin mun kalla á samvinnu margra aðila verði það að lögum.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri